

**Ed.**

**45. Frumvarp**

.til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson og Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Heimilt er bæjarstjórn í kaupstað að gera samþykkt um það, að áskilja bæjarfélagi forkaupsrjett á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja,

og á lóðum og löndum innan lögsagnarumdæmisins, svo og öðrum fasteignum, er bæjarstjórn telur nauðsyn að tryggja bæjarfjlaginu forkaupsrjett á.

Kauptún, sem er sjerstakt hreppsflag, getur einnig gert samþykt um forkaupsrjett kauptúns á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan hreppsins, svo og öðrum fasteignum, er hreppstjórn telur nauðsyn að tryggja hreppsflagi forkaupsrjett á.

## 2. gr.

Samþyktir samkvæmt 1. grein skulu gerðar til 5 ára i senn, og skulu i þeim taldar fasteignir þær, er kaupstaður eða kauptún áskilur sjer forkaupsrjett á. Samþykt öðlast gildi, þegar atvinnumálaráðherra hefir staðfest hana, og skal hún birt i B-deild Stjórnartíðinda.

## 3. gr.

Eigendur fasteigna þeirra, er samþyktir taka til, skulu skyldir að bjóða bæjarstjórn eða hreppsnefnd forkaupsrjett að eignum fyrir það verð, er i raun og veru stendur til boða hjá öðrum, enda sjeu borgunarkjör og aðrir skilmálar eigi gerðir erfðari.

Innan tveggja vikna frá því, er forkaupsrjettur var boðinn, skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd skylt að segja til, hvort hún ætlar að nota forkaupsrjett eða eigi.

Yfirlýsing bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um það, að hún afsali sjer forkaupsrjetti, gildir eigi lengur en eitt ár. Nú svarar bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi boði um að neyta forkaupsrjettar innan ákveðins tíma, og skal þá lita svo á, sem hún hafi hafnað boðinu.

## 4. gr.

Nú er eigi gætt fyrirmæla laga þessara um að bjóða bæjarstjórn eða hreppsnefnd forkaupsrjett, og getur þá aðili, er forgangsrjettur hans er fyrir borð borinn, krafist þess, að gerningur sá, sem i bága fer við ákvarðanir þessarar, sje ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rjett á að ganga inn i kaupin, enda sje lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fjekk vitneskju um misfelluna, og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rjetthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á Alþingi 1927, og var því þá vísað til ríkisstjórnarinnar. Visast til greinargerðar þeirrar, er þá fylgdi frv.